



SÝSLUMAÐURINN

Leiðbeiningar sýslumanna til bráðabirgða til tilkynnanda andláts þegar sá látni átti barn yngra en 18 ára.

Vakin er athygli á breyttum ákvæðum í barnalögum 76/2003, 46. gr. b:

Ef annað foreldra barns er látið eða bæði á barnið rétt á umgengni við nána vandamenn þess foreldris eða foreldra eða aðra nákomna barni, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið.

Sýslumaður getur boðið eftirlifandi foreldri og nánnum vandamönnum hins látna foreldris eða öðrum nákomnum barni ráðgjöf skv. 33. gr. eða ákveðið að sátta verði leitað milli aðila eftir ákvæði 33. gr. a.

Þegar sýslumanni berst tilkynning um andlát sem ber með sér að hinn látni eigi barn undir lögdri skal hann kanna tengsl barns við nána vandamenn þess eða aðra nákomna því. Sýslumaður skal vekja athygli á rétti barnsins og gefa barni og foreldri eða forsjáraðila þess tækifæri til að mæta á fund sýslumanns á tilteknum tíma. Sýslumaður skal hafa samráð við barn eftir því sem aldur og þroski þess gefur tilefni til sem og við foreldri eða forsjáraðila, og skal hann leiðbeina þeim um inntak umgengnisréttar skv. 1. mgr. og um réttaráhrif hans. Barn getur sjálf gert kröfu um umgengni.

Nánir vandamenn látins foreldris eða aðrir nákomnir barni, geta óskað eftir að sýslumaður taki umgengnismál til meðferðar og ljúki því með úrskurði eða samningi eftir atvikum. Sé slíkrar meðferðar óskað er bent á eyðublað fyrir beiðni um úrskurð um umgengni á vef sýslumanna.

Á bakhlið þessa skjals er óskað eftir að veittar verði upplýsingar um nánustu vandamenn barns og þeim upplýsingum síðan komið til sýslumanns. Óskað er eftir að þær upplýsingar hafi borist sýslumanni innan fjögurra mánaða frá andlátinu.

Þess er óskað að tilkynnandi andláts, sé hann ekki aðstandandi, komi upplýsingum þessum í hendur forsjáraðila eða umönnunaraðila barns.

Hægt er að óska eftir þjónustu sýslumanns samkvæmt 46. gr. b, með því að hringja eða senda tölvupóst á embættis sýslumanns. Upplýsingar um embættin og netföng þeirra er að finna á www.syslumenn.is.

Reglugerð um meðferð mála samkvæmt hinu nýju ákvæðum hefur ekki verið sett. Að svo stöddu munu sýslumenn ekki hafa frumkvæði að því að setja sig í samband við forsjáraðila eða vandamenn barns, á grundvelli 2. og 3. mgr. 46. b greinar barnalaga.

Upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu sýslumanna, www.syslumenn.is.

Óskað er eftir að hér séu veittar upplýsingar, eftir því sem við á, um nána vandamenn barns.

Nafn barns:	Kennitala barns:
-------------	------------------

Nafn látins foreldris:	Kennitala látins foreldris:
------------------------	-----------------------------

Forsjá barns er hjá:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Lögheimili:	Póstnúmer:	Staður:

Umönnunaraðili barns:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Lögheimili:	Póstnúmer:	Staður:

Stjúpforeldri barns:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Lögheimili:	Póstnúmer:	Staður:

Fósturforeldri barns:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Lögheimili:	Póstnúmer:	Staður:

Foreldrar látins foreldris:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
Lögheimili:	Póstnúmer:	Staður:

Systkini barns:

Nafn:	Kennitala:
Nafn:	Kennitala:
Nafn:	Kennitala:

Aðrir sem kunna að vera nákomnir barninu:

Nafn:	Kennitala:	Tengsl:
Nafn:	Kennitala:	Tengsl:
Nafn:	Kennitala:	Tengsl:

Framangreindar upplýsingar veitir:

Nafn:	Kennitala:	Netfang / sími
-------	------------	----------------